

Samband íslenskra sjóminjasafna

Fornbátaskrá – Skýrsla nr. 11

Bátasafn Breiðafjarðar I

Skip eldri en 1950



Helgi Máni Sigurðsson

2019

Inngangur

Í þessari skýrslu eru bátar í eigu eða umsjá *Félags áhugamanna um bátasafn Breiðafjarðar*, skammstafað *FÁBBR*. Bátarnir eru aldursfriðaðir samkvæmt lögum frá 2012, þ.e. smíðaðir fyrir árið 1950. Í næstu skýrslu verður fjallað um báta í eigu eða umsjá *FÁBBR* sem ekki eru aldursfriðaðir, þ.e. frá 1950 og yngri.

Svo vel vildi til að árið 2017 kom út skýrsla eftir Sigurð Bergsveinsson um báta í eigu og/eða umsjá *FÁBBR* ásamt ýmsu öðru, m.a. áhöldum og tækjum og yfirliti yfir skipasmiði. Skýrslan er 131 bls. að stærð og nefnist *Munaskrá*. Undirtitill hennar er *Báta- og hlunnindasýningin á Reykhólum ehf.* Ljóst er að mikil vinna var lögð í skýrsluna og er hér að mestu leyti byggt á henni en einnig kannaðar aðrar tiltækar heimildir.

Bátarnir sem hér er fjallað um eru sautján talsins. Flestir þeirra, tíu talsins, voru smíðaðir í Hvallátrum sem er eyja norðaustur af Flatey en til hennar telst fjöldi úteyja, um 300 talsins. Aðrir bátar voru smíðaðir á öðrum Breiðafjarðareyjum eða við Breiðafjörðinn. Undantekningar á því eru yngstu bátarnir tveir sem smíðaðir voru í Bátasmiðastöð Breiðfirðinga í Hafnarfirði.

Sérstaða Bátasafns Breiðafjarðar

Bátar *FÁBBR* hafa þá sérstöðu meðal safna í þessari skýrsluröð að þeir eru í eigu ýmissa aðila. Rúmlega helmingur þeirra sem hér er fjallað um, níu af sautján, er í eigu *FÁBBR*, fjórir eru í eigu afkomenda Aðalsteins E. Aðalsteinssonar, tveir í eigu Þjóðminjasafnsins, einn í eigu bænda á Stað á Reykjanesi, Reykhólasveit, og einn í eigu bróðursonar upphaflegs eiganda.

Í öðru lagi er *FÁBBR* ekki viðurkennt safn. Og í þriðja lagi eru bátarnir dreifðir víðs vegar. Aðeins lítill hluti þeirra var á Reykhólum, aðal starfsstöð *FÁBBR*, þegar undirritaður kom þangað í júlí 2018. Fyrir bragðið var ekki hægt að ljósmynda þá eða gera úttekt á þeim á sama hátt og hjá söfnunum. Þetta dregur vel að merkja ekkert úr gildi bátanna.



Skýrsla Sigurðar Bergsveinssonar, febrúar 2017.

Efnisyfirlit

Bátarnir eru hér í aldursröð, eigendur innan sviga:

Björg (Harpa) (Eigendur: Afkomendur Aðalsteins E. Aðalsteinssonar)	5
Sendlingur (Eigendur: Afkomendur Aðalsteins E. Aðalsteinssonar)	8
Egill (Eigendur: Afkomendur Aðalsteins E. Aðalsteinssonar)	11
Svanur (Eigandi: Sæmundur Guðmundsson, bróðursonur upphaflega eigandans) ..	16
Friðþjófur (Eigandi: Þjóðminjasafn Íslands)	18
Björg - Staðarskektan (Eigendur: Bændur á Stað á Reykjanesi, Reykhólasveit)	19
Venus (Eigandi: FÁBBR)	21
Bliki (Eigandi: FÁBBR)	24
Gylfi (Eigandi: FÁBBR)	25
Hallsteinsnessbáturinn (Eigandi: Þjóðminjasafn Íslands)	27
Sindri (Eigandi: FÁBBR)	28
Tjaldur (Eigandi: FÁBBR)	31
Baldur (Eigandi: FÁBBR)	33
Súlan (Eigendur: Afkomendur Aðalsteins E. Aðalsteinssonar)	36
Skipið í Svefneyjum (Eigandi: FÁBBR)	38
Höllustaðabáturinn (Eigandi: FÁBBR)	41
Laugalandsbáturinn (Eigandi: FÁBBR)	42

Samantekt yfir alla báta í eigu eða umsjá FÁBBR:¹

		Smíðaður				
	Nafn	Ár	Staður	Smíður	Æviár	Bls.
1	Björg (Harpa)	1870	Bjarneyjar	Bergsveinn Ólafsson	1839-1899	15
3	Sendlingur	1884-87	Sviðnur	Ólafur Bergsveinsson	1867-1939	17
4	Egill	1904	Hvallátur	Ólafur Bergsveinsson	1867-1939	18
2	Svanur	1905	Hvallátur	Ólafur Bergsveinsson	1867-1939	25
5	Friðþjófur	1910-15	Óvíst	Óvíst		26
6	Björg - Staðarskektan	1917	Hvallátur	Ólafur Bergsveinsson	1867-1939	27
7	Venus	1920	Hvallátur	Aðalsteinn Ólafsson	1894-1923	28
8	Bliki	1931	Ytra-Skógarnes	Kristján Gíslason	1897-1990	30
9	Gylfi	1934	Hvallátur	Valdimar Ólafsson	1906-1939	31
10	Hallsteinsnessbáturinn	1934	Hallsteinsnes	Þorbergur Ólafsson (Bátalón)	1915-2002	32
11	Sindri	1936	Hvallátur	Valdimar Ólafsson	1906-1939	33
12	Tjaldur	1937	Hvallátur	Valdimar Ólafsson	1906-1939	35
13	Baldur	1938	Hvallátur	Valdimar Ólafsson	1906-1939	36
14	Súlan	1938	Hvallátur	Valdimar Ólafsson	1906-1939	38
15	Skipið(Svefneyjum)	1947	Hvallátur	Aðalsteinn E. Aðalsteinsson	1923-2014	39
16	Höllustaðarbáturinn	1948	Hafnarfjörður	Bátasmiðastöð Breiðfirðinga (seinna Bátalón)		41
17	Laugalandsbáturinn	1949	Hafnarfjörður	Bátasmiðastöð Breiðfirðinga (seinna Bátalón)		42
18	Andvari	1950	Flatey	Sigurjón Árnason	1923-2010	43
19	Kópur	1951	Hvallátur	Aðalsteinn E. Aðalsteinsson	1923-2014	45
20	Svala	1954	Hvallátur	Aðalsteinn E. Aðalsteinsson	1923-2014	46
21	Gylfi BA 18	1957	Patreksfjörður	Andrés Karlsson	1901-1980	47
22	Dísa	1957	Hvallátur	Aðalsteinn E. Aðalsteinsson	1923-2014	48
23	Pramminn	1958	Hvallátur	Aðalsteinn E. Aðalsteinsson	1923-2014	49
24	Draupnir	1960	Hvallátur	Aðalsteinn E. Aðalsteinsson	1923-2014	52
25	Farsæll	1962	Hvallátur	Aðalsteinn E. Aðalsteinsson	1923-2014	56
26	Grímsi	1962	Hvallátur	Aðalsteinn E. Aðalsteinsson	1923-2014	59
27	Gola	1964	Stykkishólmur	Kristján Gíslason	1897-1990	60
28	Eva	1970	Hvallátur	Páll Aðalsteinsson	1954-	61
29	Sæbjörg	1971	Hafnarfjörður	Bátalón hf.		62
30	Vinfastur	2006	Reykholar	Hafliði Aðalsteinsson (og félagsmenn FÁBBR)	1949-	65

Fjöldi báta og smiðir	
8	Aðalsteinn E. Aðalsteinsson
5	Valdimar Ólafsson
4	Ólafur Bergsveinsson
2	Bátasmiðastöð Breiðfirðinga (seinna Bátalón)
2	Kristján Gíslason
1	Bergsveinn Ólafsson
1	Aðalsteinn Ólafsson
1	Andrés Karlsson
1	Bátalón hf.
1	Hafliði Aðalsteinsson (og félagsmenn FÁBBR)
1	Óvíst
1	Páll Aðalsteinsson
1	Sigurjón Árnason
1	Þorbergur Ólafsson (Bátalón)

30

Fjöldi báta og smíðastaður	
18	Hvallátur
3	Hafnarfjörður
1	Bjarneyjar
1	Sviðnur
1	Óvíst
1	Ytra-Skógarnes
1	Hallsteinsnes
1	Flatey
1	Patreksfjörður
1	Stykkishólmur
1	Reykholar

30

¹ Tafla gerð af Sigurði Bergsveinssyni, birt í Munaskrá. Báta- og hlunnindasýningin á Reykhólum ehf. 2017.



Björg á siglingu á bátadögum. Ljósma.: FÁBBR

Björg (Harpa)

1. Skipaskrárnúmer / safnnúmer:

2. Tegund: Árabátur (áttæringur?); opinn vélbátur

3. Hlutverk: Fólks- og vöruflutningabátur

4. Eigandi: Afkomendur Aðalsteins E. Aðalsteinssonar, Hafliði og Jón Aðalsteinssynir (frá árinu 2007)

5. Fyrri nöfn og eigendur:

Báturinn hét upphaflega Harpa en var nefndur Björg árið 1934 og eftir það.

Eigendur:

- 1870: Magnús Magnússon (1853-1933), „vert“ í Flatey
- 1934: Valdimar Ólafsson (1906-1939), Hvallátrum
- Aðalsteinn E. Aðalsteinsson ²

6. Varðveislustaður:

7. Smíðaár: Um 1870

8. Smiður: Bergsveinn Ólafsson (1839-1899)

9. Smíðastaður: Bjarneyjar, Breiðafirði

10. Brúttórúmllestir: 2,0

11. Lengd, breidd og dýpt í m: 7,85 x 2,2 x 0,97

12. Smíðaeefni og samsetning skrokk: Viður; súðbyrtur

13. Bátslag:

14. Þilfar:

² Sigurður Bergsveinsson bls. 15

15. Yfirbygging:**16. Lokuð rými:**

17. Möstur og seglabúnaður: Bátnum var siglt og róð til 1934 en þá var vél sett í hann

18. Vél:

- 1934: Skandia, 7 hö
- 1948: Skandia, 10 hö
- 1961: Kelvin, 10 hö
- 1987: Sabb, 18 hö
- 1997-98: Kelvin, 10 hö³

19. Siglingatæki og annar búnaður:**20. Notkunarsaga:**

Fyrstu áratugin, til 1934, var báturinn notaður aðallega til flutninga til og frá Flatey. Á árunum 1934-1991 var hann notaður til flutninga og ferðalaga frá Hvallátrum.

21. Sögulegir atburðir, persónur og staðir tengd bátnum:

Bjarneyjar eru syðstar Vestureyja á Breiðafirði. Þar var margbýlt áður en þær fóru í eyði og þar var ein elsta verstöð landsins.⁴

Bátasmiðurinn, Bergsveinn, sonur Ólafs Teitssonar í Sviðnum, var afkastamikill og er talinn hafa smíðað einn bát á ári öll sín búskaparár í Bjarneyjum, 1869-1899, og stundum fleiri, eða alls 30 – 40 talsins, auk þess sem hann gerði við fjölda báta.⁵

22. Ástand báts: Gott

23. Upprunaleiki – breytingasaga: Árið 1934 var bátnum breytt úr árabát í vélbát.

24. Viðhald og viðgerðir:

Hafliði og Jón Aðalsteinssynir gerðu talsvert við bátinn eftir að þeir fengu hann frá Hvallátrum, árið 2007 (afturstefni o.fl.). Hann þarfnast viðgerðar á framstefni og víðar.

25. Heimildir:

- Sigurður Bergsveinsson: Munaskrá. Báta- og hlunnindasýningin á Reykhólum ehf. 2017. Bls. 15.
- www.nat.is/travelguide/br_eyjar_bjarnareyjar.htm

26. Varðveislustaða: Aldursfriðaður**27. Almenn umsögn:**

Báturinn er með elstu bátum á Íslandi. Saga hans er skráð í meginráttum.

Mikilvægt er að varðveita bát smíðaðan af Bergsveini Ólafssyni (1839-1899).

Hann er dæmi um bát sem breytt var úr árabát í vélbát.

³ Sigurður Bergsveinsson bls. 15

⁴ www.nat.is/travelguide/br_eyjar_bjarnareyjar.htm

⁵ Sigurður Bergsveinsson bls. 15



Björg og Kári búin undir flutning á dráttarvél úr Skáleyjum í Flatey árið 1967 þegar Jóhannes Geir Gíslason var að byrja þar búskap. Ljós. Úr Eylendu.



Björg til vinstri og Ólafur úr Hvallátrum við Brattastraum við Gvendareyjar á bátadögum 2012. Ljós.: FÁBBR



Sendlingur, nýleg mynd. Hafliði Aðalsteinsson bátasmiður stendur við hann. Ljós.: FÁBBR

Sendlingur

1. Safnnúmer:
2. Tegund: Árabátur, fjögurra manna far
3. Hlutverk: Hlunnindabátur
4. Eigandi: Afkomendur Aðalsteins E. Aðalsteinssonar, Hafliði og Jón Aðalsteinsynir
5. Fyrri eigendur:
6. Varðveislustaður:
7. Smíðaár: 1884-87
8. Smiður: Ólafur Bergsveinsson í Hvallátrum (1867-1939)
9. Smíðastaður: Sviðnur á Breiðafirði
10. Brúttórúmlestir:
11. Lengd, breidd og dýpt í m: 5,73 x 1,55 x 0,60
12. Smíðaeefni og samsetning skrokks: Fura, súðbyrtur
13. Skrokklag / eiginleikar:
14. Þilfar:
15. Yfirbygging:
16. Lokuð rými:
17. Möstur og seglabúnaður: Eitt mastur
18. Vél:

19. Siglingatæki og annar búnaður: Mikið af upprunalegu hlutunum úr Sendlingi var í eigu Ólafs A. Bergsveinssonar, sonarsonar bátasmiðsins, um aldamótin 2000, m.a. segl, mastur og hluti af stýrissveifinni.⁶



Sendlingur. Ljósmynd: FÁBBR

20. Notkunarsaga:

Báturinn var alla tíð notaður sem hlunnindabátur frá Hvallátrum.

21. Sögulegir atburðir, persónur og staðir tengd bátnum:

Saga um Ólaf Bergsveinsson

Talið er að Ólafur Bergsveinsson hafi verið á unglingsárum, um 1884-87, er hann smíðaði Sendling og vitað er að 1894 kom hann siglandi úr Skáleyjum með konu sína barnshafandi og kistil með föggum þeirra í Hvallátur þar sem hann var að taka við búi, og þar bjuggu þau myndarbúi og voru sveitarhöfðingjar.⁷

Um Sviðnur:

Báturinn var smíðaður í Sviðnum sem eru hluti af Vestureyjum, skerjagarði á norðvestanverðum Breiðafirði. Sviðnur eru um 23 talsins. Bæjareyjan í Sviðnum er aðeins um kílómetri að lengd, og voru Sviðnur minnsta býlið í gamla Flateyjarhreppi. Þar stóð bærinn Sviðnur sem brann árið 1956. Síðan hafa Sviðnur verið í eyði.⁸

22. Ástand báts: Gott

23. Upprunaleiki – breytingasaga:

Báturinn virðist breyttur frá því sem var upprunalega, þ.e. settir höfðu verið á hann borðstokkar, en áður hafði aðeins verið listi innan við efsta borðið sem gripið var í þegar báturinn var settur á flot.⁹

⁶ Jón Allansson bls. 70

⁷ Sigurður Bergsveinsson bls. 17

⁸ http://www.landogsaga.is/section.php?id=9&id_art=676

⁹ Jón Allansson bls. 70

24. Viðhald og viðgerðir:

Barnabarn Ólafs Bergsveinssonar, Ólafur A. Bergsveinsson, eignaðist bátinn, á sínum tíma, sennilega 1970-1980. Hann var þá orðinn lélegur en Ólafur hafði hugsað sér að gera við hann og þó ekki nema það allra nauðsynlegasta, því að hann hafði hugsað sér að báturinn færi á safn í framtíðinni. Árið 1995 hafði það ekki gerst enn.¹⁰

Sendlingur var smíðaður upp árið 2005 af Aðalsteini E. Aðalsteinssyni (1923-2014), sonarsyni Ólafs Bergsveinssonar, og Hafliða Aðalsteinssyni (1949-), syni hans.

25. Heimildir:

- Sigurður Bergsveinsson: Munaskrá. Bóta- og hlunnindasýningin á Reykhólum ehf. Rv. 2017.
- Jón Allansson: Skýrsla. bátar í eigu minjasafna á Íslandi og annarra en safna. 1995, s. 70
- www.landogsaga.is/section.php?id=9&id_art=676

26. Varðveislustaða: Aldursfriðaður

27. Almenn umsögn:

Sendlingur er með elstu bátum landsins. Uppruni hans og saga er þekkt.

¹⁰ Jón Allansson bls. 70



Egill í bátaskemmunni á Hvallátrum, líklega 2010. Ljósmynd: FÁBBR.

Egill

1. Skipaskrárnúmer / safnnúmer:

2. Tegund: Árabátur, teinæringur

3. Hlutverk: Flutningabátur (fé, hey, mór)

4. Eigandi: Afkomendur Aðalsteins E. Aðalsteinssonar, Hafliði og Jón Aðalsteinssynir

5. Fyrri eigendur:

- Ólafur Bergsveinsson (1867-1939)

6. Varðveislustaður:

7. Smíðaár: 1904

8. Smiður: Ólafur Bergsveinsson (1867-1939)

9. Smíðastaður: Hvallátur á Breiðafirði

10. Brúttórúmlestir:

11. Lengd, breidd og dýpt í m: 11,0 x 3,0, x 1,05

12. Smíðaefni og samsetning skrokk: Viður; súðbyrtur. Kjölur, stefni og bönd eru úr rekaviði. Byrðingurinn er úr aðkeyptum furuborðum og ennfremur er reksaumur erlendur, en bandasaumur [langur hnoðsaumur] heimasmiði. Egill er stökkbyrtur neðst í botninn en annars súðbyrtur.¹¹

¹¹ Lúðvik Kristjánsson bls. 314-15



Egill í Bátaskemmuni í Hvallátrum, 2010. Ljós: FÁBBR

13. Skrokklag: Undirlot eru mikil að framan sem aftan og stefni bogmynduð. Báturinn kemur verulega út um miðju, þunnur að neðan og grunnskreiður.¹²

14. Þilfar:

15. Yfirbygging:

16. Lokuð rými:

17. Möstur og seglabúnaður:


Agli var siglt til ársins 1926, með fokku og stórsegl. 1926 eignaðist Hvallátrabóndi vélbát og var Egill eftir það dreginn í flutningum. Þó var gripið til seglabúnaðarins þegar það hentaði.¹³

18. Vél:

19. Siglingatæki og annar búnaður:

¹² Lúðvík Kristjánsson bls. 313

¹³ Lúðvík Kristjánsson bls. 313



Teikning af Agli í Íslenskum sjávarhátum II.

20. Notkunarsaga:

Egill var notaður sem flutningabátur í Hvallátrum fyrir fé, hey og mó allt til ársins 1940 en þá var gengið frá honum í nausti og þar hvíldi hann til ársins 1974.

„Oft var vetrarfóðrað fé í Hvallátrum, 250-300 talsins, flutt upp í Djúpafjörð í Reykhólahreppi á vorin, rösklega 16 sjómílna leið, er gat tekið 6 klst. ef hann fór að blása af austri. Af fjalli komu um 500, er flytja þurfti heim. Voru það miklir flutningar í misjöfnum haustveðrum, þótt féð væri þá rekið út til nesja til þess að styttu sjóleiðina. Hægt var að flytja í einu 110 fjár [í Agli].

Mór var sóttur á Agli í Frakknes á Skarðsströnd, en aldrei farin nema ein ferð á ári og þá að haustinu. Í utanáttinni lá vel við að fara í Frakknes, því að þá var byr báðar leiðir. Mórinn var allur í hnausum, því að þannig rúmaðist hann bezt í skipinu og molnaði minnst. Skógviður var fluttur úr Teigsskógi, sem er á milli Hallsteinsness og Grafar, í Austur-Barðastrandarsýslu.

Á hverju sumri voru um 2000 heysátur fluttar úr úteyjum í Hvallátur.“¹⁴

21. Sögulegir atburðir, persónur og staðir tengd bátnum:

Um Ólaf Bergsveinsson

„Ólafur Bergsveinsson í Hvallátrum smíðaði Egil, sem var teinæringur og stærsta skip sem hann smíðaði og var stærsta opna skipið í Breiðafirði um sína daga. Ólafur var mikill skipasmiður og smíðaði milli 60 og 70 skip.“¹⁵

22. Ástand báts: Gott

23. Upprunaleiki – breytingasaga:

Á því bar í fyrstu, að Egill reyndist of grunnur og gat þá verið varasamur hlaðinn í vondu veðri. Það varð til þess, að Ólafur hækkaði hann um eitt borð eftir nokkur ár og þótti hann mun stöðugri hlaðinn eftir það. Þá var við frágang umgjörðar hans fellt flatt borð ofan á borðstokkinn, undir hástokk — saxborð.¹⁶

¹⁴ Lúðvík Kristjánsson bls. 313

¹⁵ <http://www.breidafjordur.is/2008/vettvangsferd-um-breidafjord>

¹⁶ Lúðvík Kristjánsson bls. 313

24. Viðhald og viðgerðir:

Aðalsteinn Eyjólfur Aðalsteinsson (1923-2014), sonarsonur Ólafs, hóf að lagfæra bátinn 1974. Hlé varð á viðgerðinni eftir að Aðalsteinn fluttist úr Hvallátrum en við starfslok hans, um 1990, tók hann að vinna að viðgerðinni á sumrum og lauk henni um 2000.

Egill er því í góðu lagi og bíður þess að komast í betra sýningarrými.¹⁷

25. Heimildir:

- Lúðvík Kristjánsson: Íslenskir sjávarhættir II, Rvk. 1982, bls. 312-17
- Sigurður Bergsveinsson: Munaskrá. Báta- og hlunnindasýningin á Reykhólum ehf. 2017.
- Jón Allansson: Skýrsla. bátar í eigu minjasafna á Íslandi og annarra en safna. 1995; bls. 65.
- breidafjordur.is/2008/

Sjá nánar um bátinn í Íslenskum sjávarháttum II eftir Lúðvík Kristjánsson, bls. 312-317.

26. Varðveislustaða: Aldursfriðaður


27. Almenn umsögn:

Egill er síðasti fulltrúi hinna stóru flutningaskipa með breiðfirsku lagi.




*Aðalsteinn E. Aðalsteinsson vinnur að viðgerð á Agli í Bátaskemmunni á Hvallátrum.
Ljósma.: FÁBBR*

¹⁷ Sigurður Bergsveinsson bls. 18



Egill með öll segl uppi árið 1909 á Hvallátrum, ásamt minni bátum. Ljósma.: Haraldur Blöndal.



Teikning af bátnum Agli í Íslenskum sjávarhátum eftir Lúðvík Kristjánsson: Teikning: JLG ¹⁸

¹⁸ Lúðvík Kristjánsson s. 314-315



Svanur, líkl. 2012. Ljósma.: Stöð 2.

Svanur

1. Safnnúmer:

2. Tegund: Árabátur, fjórróinn

3. Hlutverk: Hlunninda- og flutningabátur

4. Eigandi: Sæmundur Guðmundsson (1926-), bróðursonur upphaflega eigandans

5. Fyrri eigendur:

- Sæmundur Guðmundsson (1883-1958)

6. Varðveislustaður:

7. Smíðaár: 1905

8. Smiður: Ólafur Bergsveinsson (1867-1939)

9. Smíðastaður: Hvallátur á Breiðafirði

10. Brúttórúmlestir:

11. Lengd, breidd og dýpt í m: 5,7 x 1,5 x 0,6 ¹⁹

12. Smíðaeefni og samsetning skrokk: Viður; súðbyrtur

13. Skrokklag: Breiðfirskt bátalag

14. Þilfar:

15. Yfirbygging:

16. Lokuð rými:

¹⁹ Sigurður Bergsveinsson bls. 25

17. Möstur og seglabúnaður: Eitt mastur, fokka og stórsegl.

18. Vél:

19. Siglingatæki og annar búnaður:

20. Notkunarsaga:

Báturinn var smíðaður um 1905 fyrir Sæmund Guðmundsson (1883-1958) bónda á Svínanesi og Kvígindisfirði í Reykhólahreppi. Hann var notaður til hlunninda og aðdráttar fyrir heimilin. Fór m.a. margar verslunarferðir til Flateyjar. Báturinn er líkur Sendlingi, m.a. að stærð.²⁰

21. Sögulegir atburðir, persónur og staðir tengd bátnum:

22. Ástand báts: Gott

23. Upprunaleiki – breytingasaga: Báturinn er upprunalegur

24. Viðhald og viðgerðir: Því hefur verið sinnt.

25. Heimildir:

- Sigurður Bergsveinsson Munaskrá. Báta- og hlunnindasýningin á Reykhólum ehf. 2017.
- „Um land allt.“ Þáttur á Stöð 2/Baldur Hrafnkell Jónsson.

26. Varðveislustaða: Aldursfriðaður

27. Almenn umsögn:

²⁰ Sigurður Bergsveinsson bls. 25



Friðþjófur. Ljósma.: FÁBBR

Friðþjófur

1. Skipaskrárnúmer / safnnúmer: ÞMS / SMS-2001-4
2. Tegund: Árabátur, sexæringur
3. Hlutverk: Uppskipunar- og flutningabátur
4. Eigandi: Þjóðminjasafn Íslands

Sjá nánar um Friðþjóf í skrá um báta í eigu Þjóðminjasafns



Björg. Ljósm.: FÁBBR

Björg - Staðarskektan

1. Safnnúmer:

2. Tegund: Árabátur

3. Hlutverk:

4. Eigandi: Bændur á Stað á Reykjanesi, Reykhólasveit ²¹

5. Fyrri eigendur:

6. Varðveislustaður: Bátasafnið á Reykhólum

7. Smíðaár: 1917

8. Smiðir: Feðgarnir Ólafur A. Bergsveinsson (1867-1939) og Gísli Ólafsson (1899-1925)

9. Smíðastaður: Hvallátur

10. Brúttórúmlestir:

11. Lengd, breidd og hæð/dýpt í m: 6,0, x 1,68 x 0,69

12. Smíðaeefni og samsetning skrokk: Viður; súðbyrtur

13. Skrokklag:

14. Þilför:

15. Yfirbygging:

16. Lokuð rými:

17. Möstur og seglabúnaður:

18. Vél:

19. Siglingatæki og annar búnaður:

20. Notkunarsaga: Báturinn var alla tíð á Stað.

²¹ Jón Allansson, bls. 15, segir frá bát með sama nafni, á svipuðum aldri og af svipaðri stærð sem Sjóminjasafni Íslands hafi staðið til boða árið 1995. Sennilega er þetta þó ekki sami báturinn.

21. Sögulegir atburðir, persónur og staðir tengd bátnum:

Um Gísla Ólafsson

Þegar Gísli Ólafsson (1899-1925) var 17 ára og var skektan smíðuð gagngert fyrir hann. Hún var nefnd eftir ömmu Ólafs, Björg Eyjólfsdóttur (1815-1899) í Sviðnum, Einarssonar (1784-1865) „Eyjajarls“ í Svefneyjum.

Sumarið eftir að báturinn var smíðaður fór Gísli upp að Stað á Reykjanesi, Reykhólasveit, og gerðist vinnumaður og síðar ráðsmaður hjá Jóni Þorvaldssyni (1876-1938) prófasti. Þau urðu afdrif Gísla, að hann fórst á skektunni síðla hausts árið 1925. Hann lagði af stað með pósti yfir á Grónes handan Þorskafjarðar en bátinn rak mannlausan upp í lendinguna á Stað nóttina eftir eða mjög skömmu síðar.²²

Báturinn Vinfastur, sem félagar í FÁBBR smíðuðu 2006, er eftirgerð af Björg.

22. Ástand báts: Sæmilegt (báturinn er heill en lélegur)

23. Upprunaleiki – breytingasaga:

24. Viðhald og viðgerðir:

Aðalsteinn Valdimarsson (1938-2013) lagfærði bátinn eftir skemmdir veturinn 1963-64. Báturinn var síðan í notkun fram undir 1970. Eftir það lá hann á hvoli þangað til sumarið 2005 að hann kom á Bátasafnið á Reykhólum.²³

25. Heimildir:

- Sigurður Bergsveinsson: Munaskrá. Bata- og hlunnindasýningin á Reykhólum ehf. Fjölrit 2017.
- Jón Allansson: Skýrsla. Batar í eigu minjasafna á Íslandi og annarra en safna. 1995. Bls. 15

27. Varðveislustaða: Aldursfriðaður

28. Almenn umsögn:

²² Sigurður Bergsveinsson bls. 15

²³ Sigurður Bergsveinsson bls. 15



Árabáturinn Venus árið 2014. Ljósmynd: FÁBBR

Venus

1. Safnnúmer:

2. Tegund: Árabátur

3. Hlutverk: Veiðibátur, hlunnindabátur, flutningabátur

4. Eigandi: FÁBBR

5. Fyrri eigendur:

- Sveinbjörn Pétursson (1890-1990) í Skáleyjum
- Tryggvi Gunnarsson í Arnarbæli á Fellsströnd
- Báturinn var um tíma á Ballará á Skarðsströnd
- Báturinn fór frá Ballará á Bátasafn Breiðafjarðar.²⁴

6. Varðveislustaður: Bátasafn Breiðafjarðar, Reykhólum

7. Smíðaár: 1920

8. Smiður: Aðalsteinn Ólafsson (1894-1923)

9. Smíðastaður: Hvallátur

10. Brúttórúmlestir:

11. Lengd, breidd og dýpt í m: 5,20 x 1,65 x 0,66

12. Smíðaeefni og samsetning skrokks: Fura; súðbyrðingur

13. Skrokklag:

²⁴ Sigurður Bergsveinsson bls. 28

- 14. Pílfar:
- 15. Yfirbygging:
- 16. Lokuð rými:
- 17. Möstur og seglabúnaður:
- 18. Vél:
- 19. Siglingatæki og annar búnaður:



Venus í Arnarbæli. Ljós.: FÁBBR

20. Notkunarsaga:

Sveinbjörn Pétursson (1890-1990) í Skáleyjum (Svefneyjum, Flatey o.v.) eignaðist bátinn og notaði hann við veiðiskap og hlunnindanyttjar.

Næsti eigandi var Tryggvi Gunnarsson í Arnarbæli á Fellsströnd. Var báturinn notaður þar við hlunnindanyttjar og flutninga.

Báturinn var um tíma á Ballará á Skarðsströnd og kom þaðan á safn FÁBBR.²⁵

21. Sögulegir atburðir, persónur og staðir tengd bátnum:

Aðalsteinn Ólafsson fórst ásamt Magnúsi Níelssyni (1903-1923) fóstbróður sínum þegar þeir voru í fiskiróðri á Venusi og ofsaveður brast á. Báturinn fannst ásamt líki Magnúsar.²⁶

22. Ástand báts: Lélegt

23. Upprunaleiki – breytingasaga:

²⁵ Sigurður Bergsveinsson bls. 28

²⁶ Sigurður Bergsveinsson bls. 28

Bátnum var breytt í vélbát. Hvorki er vitað hver gerði það né hvenær.


24. Viðhald og viðgerðir:

25. Heimildir:

- Sigurður Bergsveinsson: Munaskrá. Báta- og hlunnindasýningin á Reykhólum ehf. 2017.

26. Varðveislustaða: Aldursfriðaður

27. Almenn umsögn:



*Sveinbjörn Pétursson (1890-1990) við bát sinn Venus í Norðurvörinni í Skáleyjum.
Ljós.: Úr bók Jóhannesar Gíslasonar í Skáleyjum - Gróa.*

Bliki

1. Skipaskrárnúmer / safnnúmer:

2. Tegund: Opinn vélbátur

3. Hlutverk:

4. Eigandi: FÁBBR

5. Fyrri eigendur:

6. Varðveislustaður:

7. Smíðaár: 1931

8. Smiður: Kristján Gíslason (1897-1990)

9. Smíðastaður: Ytra-Skógarnes, Miklaholtshreppi, Snæfellsnesi

10. Brúttórúmlestir: 2,27

11. Lengd, breidd og dýpt í m: 5,98 x 1,86 x 0,78

12. Smíðaeefni og samsetning skrokk: Viður; súðbyrtur

13. Skrokklag:

14. Þilför:

15. Yfirbygging:

16. Lokuð rými:

17. Möstur og seglabúnaður:

18. Vél: Yanmar (er gangfær)

19. Siglingatæki og annar búnaður:

20. Notkunarsaga:

Bliki var á Arnarstapa 1932-1940 og síðan í Ólafsvík og fer þaðan að Þingvöllum í Helgafellssveit, en árið 1986 að Skálanesi í Gufudalssveit.²⁷

21. Sögulegir atburðir, persónur og staðir tengd bátnum:

Ættatengsl: Kristján Gíslason (1897-1990), sem smíðaði bátinn, var dóttursonur Ólafs Teitssonar í Sviðnum og því voru þeir Ólafur Bergsveinsson í Hvallátrum systkinasynir.

22. Ástand báts: Slæmt

23. Upprunaleiki – breytingasaga:

24. Viðhald og viðgerðir:

25. Heimildir:

- Sigurður Bergsveinsson: Munaskrá. Bata- og hlunnindasýningin á Reykhólum ehf. 2017.

26. Varðveislustaða: Aldursfriðaður

27. Almenn umsögn:

Bliki er líklega með elstu vélbátum. Hins vegar er ástand hans slæmt.

²⁷ Sigurður Bergsveinsson bls. 30



Gylfi á kerru. Ljósm.: FÁBBR

Gylfi

1. Skipaskrárnúmer / safnnúmer:

2. Tegund: Opinn vélbátur

3. Hlutverk: Fiskibátur

4. Eigandi: FÁBBR (frá 2010)

5. Fyrri eigendur:

- 1934: Gísli Gíslason (1910-2001) á Siglunesi og síðar Fit og Hreggstöðum á Barðaströnd
- Marteinn og Gestur Gíslasynir
- Guðmundur Sigurvin Gíslason (1919-1993)
- Guðbjartur Ingi Bjarnason (1949-2006), Fengsdal ²⁸

6. Varðveislustaður:

7. Smíðaár: 1933-34

8. Smiðir: Valdimar Ólafsson skipasmiður (1906-1939) og Gísli Gíslason (1910-2001)

9. Smíðastaður: Hvallátur

10. Brúttórúmlestir:

11. Lengd í m: 6,0

12. Smíðaeefni og samsetning skrokks: Viður; súðbyrtur

13. Skrokklag:

14. Þilfar:

15. Yfirbygging:

16. Lokuð rými:

17. Möstur og seglabúnaður:

18. Vél:

19. Siglingatæki og annar búnaður:

²⁸ Sigurður Bergsveinsson bls. 31

20. Notkunarsaga:

Gísli réri á Gylfa vor og haust frá Siglunesi og þótti gættinn og glöggur formaður. Bræður Gísla, þeir Marteinn og Gestur, réru með honum. Seinna eignuðust þeir bræður bátinn.

Guðmundar Sigurvin Gíslason (1919-1993), bróðir Gísla Gíslasonar, eignaðist bátinn eftir viðgerð hjá Snæbirni Gunnari Guðmundssyni bónda og smið (1924-2003) á Skjaldvararfossi.

Svo fór báturinn í Feigsdal í Bakkadal við Arnarfjörð, til Guðbjarts Inga Bjarnasonar (1949-2006) sem notaði hann m.a. við grásleppuveiðar.

21. Sögulegir atburðir, persónur og staðir tengd bátnum:

Siglunes var vestasti bærinn á Barðaströnd og verstöð fyrrum.

22. Ástand báts:**23. Upprunaleiki – breytingasaga:****24. Viðhald og viðgerðir:**

Báturinn fauk og skemmdist og var smíðaður upp á Skjaldvararfossi, Barðaströnd, af Snæbirni Gunnari Guðmundssyni bónda og smið (1924-2003).²⁹

25. Heimild:

- Sigurður Bergsveinsson Munaskrá. Báta- og hlunnindasýningin á Reykhólum ehf. 2017.

26. Varðveislustaða: Aldursfriðaður**27. Almenn umsögn:**

²⁹ Sigurður Bergsveinsson bls. 31



Hallsteinsnessbáturinn á Báta- og hlunnindasýningunni, Reykhólum. Nýleg mynd. Ljós.: FÁBBR

Hallsteinsnessbáturinn

1. **Skipaskrárnúmer / safnnúmer:** PMS / SMS 1986-1
2. **Tegund:** Árabátur
3. **Hlutverk:** Flutninga- og hlunnindabátur
4. **Eigandi:** Þjóðminjasafn Íslands

Sjá nánar um Hallsteinsnessbátinn í skrá um báta í eigu Þjóðminjasafns



Sindri á siglingu.. Ljósmynd: FÁBBR

Sindri

1. Skipaskrárnúmer / safnnúmer:

2. Tegund: Opinn vélbátur

3. Hlutverk: Hlunninda- og flutningabátur

4. Eigandi: FÁBBR

5. Fyrri eigendur:

- 1936: Jón Þórðarson (1911-1995) og Snæbjörn Jónsson (1909-1982) á Stað á Reykjanesi
- 1962: Guðmundur Theodórsson á Laugalandi við Þorskafjörð

6. Varðveislustaður: Í uppsátri á Vesturnesi við höfnina á Stað, Reykjanesi.

7. Smíðaár: 1936

8. Smiður: Valdimar Ólafsson (1906-1939)

9. Smíðastaður: Hvallátur

10. Brúttórúmlestir: 2,5

11. Lengd, breidd og dýpt í m: 7,05 x 1,96 x 0,86

12. Smíðaeefni og samsetning skrokk: Eik og fura; súðbyrtur

13. Skrokklag:

14. Þilfar:

15. Yfirbygging: Vélarhús

16. Lokuð rými:

17. Möstur og seglabúnaður:

18. Vél:

- 1936: Skandia vél 5 hö
- 1946: Skandia vél 8 hö

- 1983: Sabb vél 8 hö
- 1995: Sabb vél 10 hö sem er í bátnum nú ³⁰

19. Siglingatæki og annar búnaður:

20. Notkunarsaga:

Sindri var notaður af Staðar- og Árbæjarbændum frá 1936 í áratugi við hlunnindanytjar og flutninga á vörum og fólki.

Árið 1962 keypti Guðmundur Theodórsson á Laugalandi við Þorskafjörð bátinn og notaði hann við hlunnindanytjar o.fl.

Á Bátadögum 2015 sigldi Guðmundur ásamt gestum á Sindra í hópi báta í blíðu veðri. Að því loknu afhenti hann FÁBBR Sindra til eignar og varðveislu.³¹

21. Sögulegir atburðir, persónur og staðir tengd bátnum:

22. Ástand báts: Gott

23. Upprunaleiki – breytingasaga:

24. Viðhald og viðgerðir:

Árið 1990 gerði Guðmundur Theodórsson bátinn upp og hefur hann síðan haldið honum mjög vel við.

25. Heimildir:

- Sigurður Bergsveinsson: Munaskrá. Báta- og hlunnindasýningin á Reykhólum ehf. 2017.



Sindri á siglingu. Ljós.: FÁBBR

³⁰ Sigurður Bergsveinsson bls. 33

³¹ Sigurður Bergsveinsson bls. 33



Sindri á Bátadögum 2015. Ljós. FÁBBR

26. Varðveislustaða: Aldursfriðaður

27. Almenn umsögn:

Með eldri vélbátum landsins.



Tjaldur í skemmu. Ljóssm.: FÁBBR

Tjaldur

1. Skipaskrárnúmer / safnnúmer:
2. Tegund: Árabátur eða opinn vélbátur
3. Hlutverk:
4. Eigandi: FÁBBR?
5. Fyrri eigendur:
 - 1937: Óskar Níelsson (1895-1985) bóndi í Svefneyjum (1924-1939)
 - Óskar Þórðarson í Firði, Múlasveit
6. Varðveislustaður:
7. Smíðaár: 1937
8. Smiður: Valdimar Ólafsson (1906-1939)
9. Smíðastaður: Hvallátur á Breiðafirði
10. Brúttórúmlestir:
11. Lengd, breidd og dýpt í m: 5,57 x 1,64 x 0,8
12. Smíðaeefni og samsetning skrokk: Viður; súðbyrtur
13. Skrokklag:
14. Þilfar:
15. Yfirbygging:
16. Lokuð rými:
17. Möstur og seglabúnaður:
18. Vél:

19. Siglingatæki og annar búnaður:

20. Notkunarsaga:

Óskar Níelsson (1895-1985), bóndi í Svefneyjum (1924-1939), notaði bátinn meðan hann bjó þar.

Úr Svefneyjum fór báturinn til Óskars í Firði, síðan að Kvígindisfirði, Barðaströnd, og þaðan í Hafnarfjörð.

21. Sögulegir atburðir, persónur og staðir tengd bátnum:

22. Ástand báts: Slæmt

23. Upprunaleiki – breytingasaga:

24. Viðhald og viðgerðir:

Garðar Andrésson (1935-2001), skipasmiður frá Hamri á Múlanesi, gerði við bátinn.³²

25. Heimildir:

- Sigurður Bergsveinsson Munaskrá. Báta- og hlunnindasýningin á Reykhólum ehf. 2017.

26. Varðveislustaða: Aldursfriðaður

27. Almenn umsögn:

Tjaldur var talinn með fegurstu bátum við Breiðafjörð á sinni tíð.

Ástand hans er slæmt nú.

³² Sigurður Bergsveinsson bls. 35



Baldur á siglingu. Ljósmynd: FÁBBR

Baldur

1. Skipaskrárnúmer / safnnúmer:

2. Tegund: Opinn vélbátur

3. Hlutverk:

4. Eigandi: FÁBBR (síðan 2008)

5. Fyrri eigendur:

- 1938: Þórður Benjamínsson (1896-1985)
- Daníel Jónsson (1934-2013)
- 2000: Valdimar Jónsson, bróðir Daníels ³³

6. Varðveislustaður:

7. Smíðaár: 1938

8. Smiður: Valdimar Ólafsson (1906-1939)

9. Smíðastaður: Hvallátur á Breiðafirði

10. Brúttórúmlestir: 2,25

11. Lengd, breidd og dýpt í m: 6,0 x 1,83 x 0,63

12. Smíðaeefni og samsetning skrokk: Viður; súðbyrðingur

13. Skrokklag:

14. Þilfar:

15. Yfirbygging:

³³ Sigurður Bergsveinsson bls. 36

16. Lokuð rými: (vélarhús?)

17. Möstur og seglabúnaður:

18. Vél:

- 1938: Albin vél 2 cyl
- 1947: Albin vél 14 hö
- 1973: Sabb vél 10 hö 1 cyl.
- 2014: Sabb vélinni var skipt út fyrir samskonar vél (notaða)

19. Siglingatæki og annar búnaður:

20. Notkunarsaga:

Smíðaður fyrir Þórð Benjamínsson (1896-1985) í Hergilsey. Þórður seldi bátinn 1971 Daníel Jónssyni (1934-2013), Dröngum á Skógarströnd.

Valdimar Jónsson, bróðir Daníels Jónssonar (eiganda nr. tvö), fékk bátinn um aldamótin 2000 og hann gaf FÁBBR bátinn 2008.

21. Staðir sem tengjast bátnum:

Hergilsey, Drangar á Skógarströnd, Hvallatur á Breiðafirði

22. Ástand báts: Gott

23. Upprunaleiki – breytingasaga: Mikið endurnýjaður en að mestu óbreyttur.

24. Viðhald og viðgerðir:

Baldur var í mjög slæmu ástandi þegar FÁBBR eignaðist hann. Ákveðið var að endurgera hann í upphaflegri mynd vegna sögu hans og gerðar en hann er smíðaður í upphafi sem vélbátur og er því gott dæmi um þá þróun/breytingu sem varð á breiðfirska bátalaginu þegar vélarnar tóku við af seglum og árum.

Viðgerðin var mjög viðamikil, skipt var um megnið af byrðingi, mörg bönd og afturstefni. Vélin var gerð upp og skrufubúnaður yfirfarinn. Báturinn var síðan allur málaður. Vel tókst til og segja má að báturinn sé sem nýr. Hafliði Aðalsteinsson (1949-) annaðist viðgerðina.³⁴

25. Heimild:

- Sigurður Bergsveinsson: Munaskrá. Báta- og hlunnindasýningin á Reykhólum ehf. 2017.
-

26. Varðveislustaða: Aldursfriðaður

27. Almenn umsögn:

Báturinn var upphaflega smíðaður sem vélbátur og er því gott dæmi um þá þróun/breytingu sem varð á breiðfirska bátalaginu þegar vélarnar tóku við af seglum og árum.

³⁴ Sigurður Bergsveinsson bls. 36



Hafliði Aðalsteinsson vinnur að endursmíði Baldurs. Ljós.: FÁBBR



Baldur nýmálaður árið 2012, tilbúinn til siglingar á Bátadögum. Ljós.: FÁBBR



Súlan í skemmu. Ljósmynd: FÁBBR

Súlan

1. Skipaskrárnúmer / safnnúmer:
2. Tegund: Árabátur; opinn vélbátur
3. Hlutverk: Hlunninda- og fiskibátur
4. Eigandi: Afkomendur Aðalsteins E. Aðalsteinssonar; synir hans, Hafliði og Jón
5. Fyrri eigendur:
 - 1938: Kristján og Friðþjófur Sigurðssynir (þeir áttu hann „alla tíð“)
 - Aðalsteinn E. Aðalsteinsson (fékk hann að gjöf)
6. Varðveislustaður:
7. Smíðaár: 1938
8. Smiður: Valdimar Ólafsson (1906-1939)
9. Smíðastaður: Hvallátur
10. Brúttórúmlestir:
11. Lengd, breidd og dýpt í m:
12. Smíðaeefni og samsetning skrokk: viður; súðbyrtur
13. Skrokklag: Djúpur og burðarmikill
14. Pílför:
15. Yfirbygging:
16. Lokuð rými:

17. Möstur og seglabúnaður:

18. Vél:

- 1956: Sleipnis vél 5 hö. Hún er varðveitt á Byggðasafninu á Garðskaga og er gangfær.

19. Siglingatæki og annar búnaður:

20. Notkunarsaga:

Súlan var smíðuð fyrir Kristján og Friðþjóf Sigurðssyni á Auðshaugi á Barðaströnd. Þeir bræður áttu bátinn alla tíð og nýttu sem hlunninda- og fiskibát.

21. Sögulegir atburðir, persónur og staðir tengd bátnum:

Súlan var einn af síðustu bátum sem Valdimar Ólafsson smíðaði. Hún var sveinsstykki hans, og það var dæmt í Stykkishómi 25.3. 1939 og sveinsbréfið gefið út 7.5. 1939. En Valdimar lést einungis þremur vikum seinna, þann 28.5. 1939.³⁵

22. Ástand báts: Gott

23. Upprunaleiki – breytingasaga: Báturinn er upprunalegur

24. Viðhald og viðgerðir:

Báturinn var gefinn Aðalsteini E. Aðalsteinssyni sem gerði við hann.

25. Heimildir:

- Sigurður Bergsveinsson: Munaskrá. Báta- og hlunnindasýningin á Reykhólum ehf. 2017.

26. Varðveislustaða: Aldursfriðaður

27. Almenn umsögn:

Bátrinn á sér sérstaka smíðasögu, er í góðu standi og er aldursfriðaður.

³⁵ Sigurður Bergsveinsson bls. 38



Skipið. Ljósmynd: FÁBBR

Skipið í Svefneyjum

1. Skipaskrárnúmer / safnnúmer:

2. Tegund: Árabátur (teinæringur?)

3. Hlutverk: Uppskipunarbátur; fiskiskip

4. Eigandi: FÁBBR

5. Fyrri eigendur:

- 1947: Kaupfélag Króksfjarðarness
- Kaupfélag Saurbæinga í Salthólmavík við Tjaldanes
- 1957: Jens Nikulásson (1899-1973) í Svefneyjum
- 1981: Kristinn Breiðfjörð Gíslason
- 1990: Hafsteinn Guðmundsson (1935-) ³⁶

6. Varðveislustaður: Reykhólar

7. Smíðaár: 1947

8. Smiður: Aðalsteinn E. Aðalsteinsson (1923-2004)

9. Smíðastaður: Hvallátur

10. Brúttórúmlestir:

11. Lengd, breidd og dýpt í m: 9,2 x 2,7 x 1,04

12. Smíðaefni og samsetning skrokks: Fura; súðbyrtur

³⁶ Sigurður Bergsveinsson bls. 39

13. Skrokklag:

14. Pílfar:



Andvari dregur Skipið í Hjallasundi í Svefneyjum. Ljós.: FÁBBR

15. Yfirbygging:

16. Lokuð rými:

17. Möstur og seglabúnaður:

18. Vél:

19. Siglingatæki og annar búnaður:

20. Notkunarsaga:

Báturinn var smíðaður sem uppskipunarbátur fyrir Kaupfélag Króksfjarðar en síðan fer hann til Kaupfélags Saurbæinga í Salthólmavík og er notaður þar sem uppskipunarbátur.

Árið 1957 keypti Jens Nikulásson (1899-1973) í Svefneyjum bátinn og var hann notaður í Svefneyjum við ýmsa flutninga og nefndur „Skipið“. 1981 kaupir Kristinn Breiðfjörð Gíslason í Stykkishólmi bátinn, en þá var fjölskyldan í Svefneyjum flutt til Svíþjóðar. Kristinn notaði bátinn sem fjárskip.

Um 1990 keypti Hafsteinn Guðmundsson (1935-) í Flatey bátinn og notaði hann sem fjárskip eitt haust en lagði honum síðan og geymdi hann í frystihúsinu í Flatey til 2010 þar til hann gaf FÁBBR bátinn.

Báturinn er hafður til sýnis úti við á Bátasafni Breiðafjarðar á sumrin en geymdur inni á vetrum.³⁷

21. Sögulegir atburðir, persónur og staðir tengd bátnum:

22. Ástand báts: Sæmilegt

23. Upprunaleiki: Mjög upprunalegur

³⁷ Sigurður Bergsveinsson bls. 39

24. Viðhald og viðgerðir:

25. Heimildir:

- Sigurður Bergsveinsson: Munaskrá. Báta- og hlunnindasýningin á Reykhólum ehf. 2017.
- Ágúst Ó. Georgsson viðtal, 2019

26. Varðveislustaða: Aldursfriðaður

27. Almenn umsögn:

Skipið er m.a. merkilegt fyrir það að vera upphaflega smíðað sem uppskipunarbátur og fyrir að vera mjög upprunalegt.³⁸



Kristinn B. Gíslason á Gusti dregur Skipið með fé við Stykkishólm, 1984. Ljósm.: Andrés Kristjánsson, Stykkishólmi.

³⁸ Ágúst Ó. Georgsson viðtal 2019

Höllustaðarbáturinn

1. Skipaskrárnúmer / safnnúmer:

2. Tegund: Árabátur (skekta)

3. Hlutverk: Fiski- og hlunnindabátur

4. Eigandi: FÁBBR

5. Fyrri eigendur:

6. Varðveislustaður:

7. Smíðaár: 1948

8. Smiður:

9. Skipasmíðastöð: Bátasmíðastöð Breiðfirðinga (sem seinna varð Bátalón), Hafnarfirði

10. Brúttórúmllestir:

11. Lengd, breidd og dýpt í m: 5,02 x 1,47 x 0,53

12. Smíðaeefni og samsetning skrokk:

13. Skrokklag:

14. Þilfar:

15. Yfirbygging:

16. Lokuð rými:

17. Möstur og seglabúnaður:

18. Vél:

19. Siglingatæki og annar búnaður:

20. Notkunarsaga:

Báturinn er skekta og var lengi notaður á Þingvallavatni og síðan við hlunnindanyttjar að Höllustöðum í Reykhólasveit.³⁹

21. Sögulegir atburðir, persónur og staðir tengd bátnum:

Þingvellir, Höllustaðir, Reykhólasveit

22. Ástand báts:

23. Upprunaleiki – breytingasaga:

24. Viðhald og viðgerðir:

25. Heimildir:

- Sigurður Bergsveinsson Munaskrá. Báta- og hlunnindasýningin á Reykhólum ehf. 2017.

26. Varðveislustaða: Aldursfriðaður

27. Almenn umsögn:

Vatna- og hlunnindabátur frá um miðja 20. öld. Uppýsingar um hann eru frekar takmarkaðar.

³⁹ Sigurður Bergsveinsson bls. 41

Laugalandsbáturinn

1. Skipaskrárnúmer / safnnúmer:

2. Tegund: Opinn vélbátur

3. Hlutverk:

4. Eigandi: FÁBBR

5. Fyrri nöfn, umdæmisnúmer og eigendur:

- 1949: Aðalstein Arason (1899-1952)
- 1951: Ábúendur á Laugalandi við Þorskafjörð

6. Varðveislustaður:

7. Smíðaár: 1949

8. Smíður:

9. Skipasmíðastöð / smíðastaður: Bátasmíðastöð Breiðfirðinga, Hafnarfirði

10. Brúttórúmlestir:

11. Lengd, breidd og dýpt í m: 5,45 x 1,68 x 0,63

12. Smíðaeefni og samsetning skrokk:

13. Skrokklag:

Með bogið/lotað framstefni. Einn af fimm bátum með þannig framstefni sem Bátasmíðastöð Breiðfirðinga smíðaði.

14. Þilfar:

15. Yfirbygging:

16. Lokuð rými:

17. Möstur og seglabúnaður:

18. Vél: Báturinn var frá upphafi með Penta-vél. Hún er núna í gangfæru standi á vélasafninu í Byggðasafni Garðskaga á Reykjanesi.

19. Siglingatæki og annar búnaður:

20. Notkunarsaga:

Smíðaður í Bátasmíðastöð Breiðfirðinga fyrir Aðalstein Arason (1899-1952), bónda í Barmi í Gufudalssveit, sennilega 1949. Aðalsteinn mun aðeins hafa átt bátinn í tvö ár eða þar um bil en þá var hann seldur að Laugalandi við Þorskafjörð og var þar síðan.⁴⁰

21. Sögulegir atburðir, persónur og staðir tengd bátnum:

Bændur í Gufudalssveit, Laugaland við Þorskafjörð

22. Ástand báts: Heill en lélegur

23. Upprunaleiki – breytingasaga: Upprunalegur

24. Viðhald og viðgerðir:

25. Heimildir:

- Sigurður Bergsveinsson Munaskrá. Báta- og hlunnindasýningin á Reykhólum ehf. 2017.

26. Varðveislustaða: Aldursfriðaður

27. Almenn umsögn:

⁴⁰ Sigurður Bergsveinsson bls. 41